

138. fundur skráningarráðs haldinn 21. mars 2024 kl. 9-11 á Teams

Mætt voru: Sigríður Vilhjálmisdóttir, Sigurgeir Finnsson (fundarritari), Þorsteinn Doddi Jónsson (formaður).

Einnig sátu fundinn Kristín Lilja Thorlacius Björnsdóttir gæðastjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Gegnis.

Fjarverandi: María Bjarkadóttir

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð lesin upp og samþykkt

2 í vinnslu, Kristín Lilja á eftir að athuga þetta með OCLC grunninn

4 í vinnslu

6 í vinnslu (sjá lið 4)

2. Svið 222 í tímaritafærslum

Svið 222 – lykiltitill hefur verið notað í tímaritafærslum í Gegni, einkum vegna þess að í Aleph birtist sviðið sjálfkrafa við vistun serial færslu sem afrit af 245 sviðinu. Skrásetjari þurfti svo að laga sviðið í samræmi við leiðbeiningar í Handbók skrásetjara. Sviðið verður ekki til með þessum hætti í Ölmú og því þurfa skrásetjarar að setja það sjálfir inn. Lykiltitill er einstakur titill tímarits, sem er ákvarðaður þegar ISSN númeri er úthlutað. ISSN númerum er úthlutað á Landsbókasafni og þá er lykiltitill tímaritsins færður inn í gagnagrunn ISSN. Þegar það er gert er ekki farið yfir lykiltitilinn sem er í færslum í Gegni og því ekkert sem segir til um hvort þeir titlar sem eru nú þegar í sviði 222 stemmi í raun við ISSN skráninguna. Ekki eru uppi áætlanir um að tengja á milli Gegnis og ISSN gagnagrunnsins en ef það yrði einhvern tíma gert væri þá hægt að keyra ISSN skráninguna inn í svið 222 þar sem við á.

Því er það tillaga Landsbókasafns að leggja niður skráningu í svið 222 í Gegni. Ekki er hægt að ábyrgjast að þær upplýsingar sem nú eru í sviðinu séu réttar og ekkert er unnið með gögnin úr sviðinu. Þetta er því óþarfa skref í tímaritaskráningu og vinnusparnaður fælist í að leggja sviðið niður.

Samþykkt! Kristín eyðir út leiðbeiningum úr HASKinu og sendir út póst á Vöndu

3. Safnfærslur (í framhaldi af erindi Maríu frá síðasta fundi)

Bíða með það þar sem María er fjarverandi

4. Fræðslufundur skrásetjara

Ákveðið að hafa fundinn 30. maí sama dag og aðalfundur Upplýsingar og notendaráðstefna Aleflis sem haldin verður í Eddu e. hádegi. Kristín Lilja búin að panta fyrirlestrarsalinn á Landsbókasafni f. hádegi. Hendum á milli okkar drög að dagskrá fyrir næsta fund, Sigrún og Kristín Lilja byrja á því. Talað um að hafa stutt erindi, ekki alltof flókin, í mesta lagi 4 erindi, t.d. *vissir þú* ... erindi. Nákvæm tímasetning fundar verður ákveðin með tilliti til lendingartíma flugvélar frá Akureyri, en verður einhvern tíman á bilinu 9-12.

5. Verkferlar á mismunandi rafrænu efni

Sigrún sagði frá vinnuhópi um rafræn gögn, vel mannaður hópur en bara fulltrúar frá háskólunum. Lítil sameiginlegur skilningur, vantaði verkferla og leiðbeiningar. Mikil vinna á Landsbókasafni og Landskerfi síðan vinnu hópans lauk.

Verkferill fyrir nýtt efni – merkja bókfræðifærsluna með viðeigandi kóðum – sjálfvirk keyrsla býr til rafrænt portfólió í landskjarna – rafræn færsla á leitir.is. Á bara við „opið“ rafrænt efni, ekki áskriftarefni. Sjá leiðbeiningar á landskerfi.is og í HASK

Í stuttu máli snýst þetta um að í svið 939 þarf að setja í undirsvið \$\$f rh \$\$f nzp (network zone portfolio). Þetta er vegna þess að í ALEPH var nóg að 856 svið í væri í bókfræðifærslunni

til að rafrænt aðgengi kæmi efst í færslunni á leitir.is, en í Ölmum þarf n.p. í undirsvið \$\$\$f svo rafrænt aðgengi birtist eins og það gerði áður.

Kristín Lilja talaði um að búa til gátlista fyrir rafræna skráningu í HASKINU

Sigrún talaði um að mikið væri um gamalt efni með óvirka tengla – þarf að finna það efni og skipta út tenglum.

Hvað á gera þegar stofnanir leggja upp laupana og vefsvæði eru lögð niður?

Setja uppá leitir.is ábendingarhnapp með ábendingu um brotna tengla.

Kynning á þessu verður líklega eitt af erindum á fræðslufundi skrásetjara í maí.

6. „Svona var á Sigló“

[Svona var á sigló](#) geisladiskur og USB kubbur, á þetta að vera á sömu eða sitt hvorri færslunni?

Doddi sendir fyrirspurn á gegnispóstinn, Súsanna, sérfræðingur LBS-HBS í tónlistarskráningu mun svara því erindi.

7. Vöndupunktur – tíðni

Sendu út póst á vöndu eftir skráningarráðsfundi um markverð mál sem rædd voru/teknar ákvarðanir um á fundinum (sjá t.d. lið 2 á þessum fundi). Einnig væri sniðugt að endurvekja *vissir þú ...* póst eins og Hildur Gunnlaugs var vön að gera á sínum tíma og senda út reglulega.

8. Önnur mál

Ekkert að þessu sinni. Næsti fundur 11. apríl, ákveðum þá hvort fundur verði í maí, eða hvort við látum fræðslufund skrásetjara nægja.